

**Tillögur um breytingar á samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins  
lagðar fyrir ársfund 29. apríl 2010.**

**11. grein. Verðbréfasöfn**

11.3 Sjóðfélagar geta hvenær sem er valið nýtt safn til að ávaxta inneign sína og flutt inneign milli ~~ævisafna-verðbréfasafna~~ í einu lagi eða í áföngum. Beiðnir um breytingar á ávöxtunarleið skulu vera staðfestar af sjóðfélögum með undirskrift. Ef um er að ræða flutning í einu lagi skal inneign flutt milli ~~ævisafna-verðbréfasafna tveimur virkum dögum í lok mánaðar~~ eftir að beiðni berst ~~þegar búið er að reikna gengi dagsins~~. Beiðnir um flutning sem berast síðustu tvo virka daga mánaðar verða afgreiddar í lok næsta mánaðar eftir að beiðni berst. Sjóðfélagar greiða 0,2% af eignum í kostnað fyrir flutning á inneign milli ávöxtunarleiða nema ef inneign er flutt úr Innlánssafninu, þá er kostnaðurinn 0,1%. Enginn kostnaður er greiddur þegar inneign flyst milli safna samkvæmt Ævileiðinni.

12.6 Umsókn um útborgun inneignar úr séreignarsjóði skal vera skrifleg. Lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóði eru að jafnaði greiddar einu sinni í mánuði, fyrsta virka dag hvers mánaðar. Ef óskað er eftir eingreiðslu milli mánaðarlegra greiðslna skal útborgunin framkvæmd ~~innan tveggja virkra daga eftir að beiðni berst og miðar við gengi útborgunardags~~. 15. dag mánaðar (eða fyrsta virka dag þar eftir ef 15. dagur er frídagur) ef beiðnin berst í fyrri hluta mánaðar en annars í byrjun næsta mánaðar með mánaðarlegum greiðslum.

**Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 29. apríl 2010**

Í framhaldi af tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs miðað við 31.12.2009 og með vísan í grein 24.1 í samþykktum sjóðsins skulu lífeyrisréttindi lækkuð hlutfallslega um 16,7% frá og með 1. júní 2010.

**Tillögur um breytingar á samþykktum Almenna lífeyrissjóðsins  
lagðar fyrir ársfund 29. apríl 2010.**

**Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 29. apríl 2010**

Í framhaldi af tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs miðað við 31.12.2010 og með vísan í grein 24.1 í samþykktum sjóðsins skulu lífeyrisréttindi lækkuð hlutfallslega um 12% frá og með 1. júní 2010.

Breytingatillaga við tillögu um bráðabirgðaákvæði.

**Bráðabirgðaákvæði við breytingu á samþykktum 29. apríl 2010**

Í framhaldi af tryggingafræðilegri athugun á fjárhag samtryggingarsjóðs miðað við 31.12.2010 og með vísan í grein 24.1 í samþykktum sjóðsins skulu lífeyrisréttindi lækkuð hlutfallslega um 12% ~~16,7%~~ frá og með 1. júní 2010.